

Leiðbeiningar fyrir skýrslu um úrslit óbundinna kosninga

Skýrslan er send út bæði sem Excel skjal og Word skjal. Yfirkjörstjórnir geta ráðið hvort skjalið er notað.

Grunnupplýsingar

- Nafn sveitarfélags
- Fjöldi kjósenda á kjörskrá
- Fjöldi greiddra atkvæða (þarf aðeins að fylla út í Word skjalinu, þetta er sjálfvirk reiknað út í Excel skjalinu)
- Fjöldi gilda atkvæðaseðla
- Fjöldi atkvæðaseðla sem eru auðir eða ógildir af öðrum ástæðum (þarf aðeins að fylla út í Word skjalinu, þetta er sjálfvirk reiknað út í Excel skjalinu)
- Fjöldi atkvæðaseðla sem eru auðir
- Fjöldi atkvæðaseðla sem eru ógildir af öðrum ástæðum
- Staður og dagsetning (neðst á eyðublaðinu)

Úthlutun á sætum aðalmanna

Tekinn er saman atkvæðafjöldi hvers einstaklings á þeim hluta kjörseðla sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna. Þeir einstaklingar sem fá flest atkvæði eru réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti. Ef beita þarf hlutkesti þá flækjast reglurnar við úthlutun á sætum varamanna en það verður ekki rakið hér. Hægt er að leita sérstakra leiðbeininga hjá Landskjörstjórn ef þessi staða kemur upp.

Dæmi

Sveitarstjórn er **fimm** manna.

Einstaklingur í kjöri	Fjöldi atkvæða sem aðalmaður
Ari Arason	2
Birna Björnsdóttir	30
Davíð Davíðsson	10
Elín Elínardóttir	35
Fannar Freyðísarson	38
Guðrún Gunnarsdóttir	15
Hannes Hönnuson	3
Ingibjörg Ingvarsdóttir	2
Jón Jóhannsson	4
Klara Karlsdóttir	28
Lárus Laufeyjarson	4
Margrét Matthíasardóttir	3
Nói Njarðarson	2
Oddný Oddsdóttir	40
Páll Petruson	32
Ragna Rúnarsdóttir	2

Hér sést að fimm einstaklingar (Birna Björnsdóttir, Elín Elínardóttir, Fannar Freydisarson, Oddný Oddsdóttir og Páll Petruson) eru með 30 atkvæði eða fleiri og þeir eru rétt kjörnir aðalmenn. ATH: Ef Klara Karlsdóttir hefði fengið tveimur atkvæðum fleira þá væri hún líka með 30 atkvæði og þá þyrfti hlutkesti á milli Birnu og Klöru um síðasta aðalmanssætið.

Þá er efri hluti nafnatöflunnar fylltur út svona:

Eftirfarandi einstaklingar hlutu kosningu:			
Nafn	Atkvæði	Í sæti	Hlýtur kjör sem
Oddný Oddsdóttir	40	aðalmanns	aðalmaður
Fannar Freydisarson	38	aðalmanns	aðalmaður
Elin Elínardóttir	35	aðalmanns	aðalmaður
Páll Petruson	32	aðalmanns	aðalmaður
Birna Björnsdóttir	30	aðalmanns	aðalmaður

Athugið að þegar nafnataflan er fyllt út í excel skjalinu koma fellilistar með valmöguleikum fyrir textann í reitunum „Í sæti“ og „Hlýtur kjör sem“.

Atkvæði	Í sæti	Hlýtur kjör sem
	aðalmanns aðalm. - 1. varam. aðalm. - 2. varam. aðalm. - 3. varam. aðalm. - 4. varam. aðalm. - 5. varam. aðalm. - 6. varam. aðalm. - 7. varam.	aðalmaður 1. varamaður 2. varamaður 3. varamaður 4. varamaður 5. varamaður 6. varamaður 7. varamaður

Úthlutun á sæti fyrsta varamanns

Þegar kemur að úthlutun á sæti fyrsta varamanns þarf að skoða atkvæðafjölda einstaklinga í sæti aðalmanns og 1. sæti á lista varamanna. Sá sem hefur hæsta atkvæðatölu fær úthlutun sem fyrsti varamaður. Ef fleiri en einn eru jafnir með hæstu atkvæðatöluna þarf hlutkesti. Ef beita þarf hlutkesti þá flækjast reglurnar við úthlutun á sætum síðari varamanna en það verður ekki rakið hér. Hægt er að leita sérstakra leiðbeininga hjá Landskjörstjórn ef þessi staða kemur upp.

Dæmi (framhald af fyrra dæmi)

Við bætum dálki við töfluna sem sýnir fjölda atkvæða í 1. sæti á lista varamanna og summuna af fjölda atkvæða sem aðalmaður og í 1. sæti á lista varamanna fyrir á einstaklinga sem ekki hafa þegar fengið kjör.

Einstaklingur í kjöri	Fjöldi atkvæða sem aðalmaður	Fjöldi atkvæða í 1. sæti á lista varamanna	Fjöldi atkvæða sem aðalmaður og í 1. sæti á lista varamanna
Ari Arason	2	3	5
Birna Björnsdóttir	30	1	Aðalmaður
Davíð Davíðsson	10	5	15
Elín Elínardóttir	35	1	Aðalmaður
Fannar Freyðisarson	38	1	Aðalmaður
Guðrún Gunnarsdóttir	15	23	38
Hannes Hönnuson	3	3	6
Ingibjörg Ingvarsdóttir	2	2	4
Jón Jóhannsson	4	1	5
Klara Karlsdóttir	28	3	31
Lárus Laufeyjarson	4	1	5
Margrét Matthíasardóttir	3	2	5
Nói Njarðarson	2	1	3
Oddný Oddsdóttir	40	0	Aðalmaður
Páll Petruson	32	1	Aðalmaður
Ragna Rúnarsdóttir	2	2	5

Hér sést að Guðrún Gunnarsdóttir hlýtur kjör sem 1. varamaður með 38 atkvæði. Takið eftir að Guðrún var ekki sú sem var næst því að komast inn sem aðalmaður en atkvæðafjöldi hennar í 1. sæti á lista varamanna tryggir henni kjörið.

Á þessu stigi lítur útfyllt nafnatafla í skýrslunni svona út:

Eftirfarandi einstaklingar hlutu kosningu:			
Nafn	Atkvæði	Í sæti	Hlýtur kjör sem
Oddný Oddsdóttir	40	aðalmanns	aðalmaður
Fannar Freyðisarson	38	aðalmanns	aðalmaður
Elín Elínardóttir	35	aðalmanns	aðalmaður
Páll Petruson	32	aðalmanns	aðalmaður
Birna Björnsdóttir	30	aðalmanns	aðalmaður
Guðrún Gunnarsdóttir	38	aðalm. - 1. varam.	1. varamaður

Heildarniðurstaða

Þessi er haldið áfram uns búið er að úthluta jafnmörgum sætum varamanna og eru aðalmenn. Athugið að í skýrslunni er gert ráð fyrir þeim möguleika að það séu sjö fulltrúar í sveitarstjórn þannig að í þeim sveitarstjórnnum þar sem eru fimm fulltrúar þá eiga að vera fjórar auðar línur neðst í töflunni.

Dæmi (framhald)

Hér er tafla sem sýnir heildaratkvæðafjölda hvers einstaklings í öll sæti

Einstaklingur í kjöri	Atkv. aðalm.	Atkv. 1. varam.	Atkv. 2. varam.	Atkv. 3. varam.	Atkv. 4. varam.	Atkv. 5. varam.
Ari Arason	2	3	2	1	4	2
Birna Björnsdóttir	30	1	2	1	1	2
Davíð Davíðsson	10	5	1	1	2	7
Elín Elínardóttir	35	1	1	1	0	0
Fannar Freydisarson	38	1	2	2	0	0
Guðrún Gunnarsdóttir	15	23	5	1	1	1
Hannes Hönnuson	3	3	20	5	1	2
Ingibjörg Ingvarsdóttir	2	2	0	1	1	4
Jón Jóhannsson	4	1	8	4	25	1
Klara Karlsdóttir	28	3	2	13	0	3
Lárus Laufeyjarson	4	1	1	7	5	2
Margrét Matthíasardóttir	3	2	2	5	4	23
Nói Njarðarson	2	1	0	2	3	2
Oddný Oddsdóttir	40	0	1	2	0	0
Páll Petruson	32	1	3	3	2	0
Ragna Rúnarsdóttir	2	2	0	1	1	1

Þegar búið er að fylla út nafnatöfluna að fullu lítur hún svona út:

Eftirfarandi einstaklingar hlutu kosningu:			
Nafn	Atkvæði	Í sæti	Hlýtur kjör sem
Oddný Oddsdóttir	40	aðalmanns	aðalmaður
Fannar Freydisarson	38	aðalmanns	aðalmaður
Elín Elínardóttir	35	aðalmanns	aðalmaður
Páll Petruson	32	aðalmanns	aðalmaður
Birna Björnsdóttir	30	aðalmanns	aðalmaður
Guðrún Gunnarsdóttir	38	aðalm. - 1. varam.	1. varamaður
Klara Karlsdóttir	33	aðalm. - 2. varam.	2. varamaður
Hannes Hönnuson	31	aðalm. - 3. varam.	3. varamaður
Jón Jóhannsson	42	aðalm. - 4. varam.	4. varamaður
Margrét Matthíasardóttir	39	aðalm. - 5. varam.	5. varamaður